

17. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 26. apríl 2005 kl. 17:00 í Ráhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Alda Pálsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Kristín Rut Helgadóttir og Dallilja Inga Steinarsdóttir.

Ríkharður setti fund kl. 17:05.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

Félagsmiðstöð.

Nýafstaðnar eru sýningar á Litlu hryllingsbúðinni (9 sýningar). Eini gallinn við þessa uppsetningu er sá að loka þarf X-inu á meðan.

Dönsku krakkarnir voru hér fyrir nokkrum dögum og var mikið fjör í kringum þau.

Farið var á Samfésball 6. mars með 51 ungling og tókst það í alla staði vel.

Búið er að fjárfesta í 50 stólum (samskonar og íþróttamiðstöðin keypti).

Næstu daga verður farið í að laga stéttina fyrir framan húsið.

Íþróttamiðstöð.

Mönnun starfsmanna í sumar lokið. Verið að skoða hliðarkörfur í íþróttahúsið.

2. Rekstur íþróttavallar.

Samkvæmt samtali milli Ríkharðs og Hjörleifs K. Hjörleifssonar, formanns Snæfells kemur til greina að Snæfell taki að sér rekstur íþróttavallar, allavega að hluta til. Fundarmenn sammála um að sá kostur sé mjög góður. Nefndin felur formanni og bæjarstjóra að skoða málið.

3. Forvarnarstefna Stykkishólmsbæjar.

Nefndarmenn lýsa almennri ánægju með að þessari vinnu sé lokið og vonandi verður hún bæjarfélaginu til gagns (rykfalli ekki ofan í skúffu).

4. Útikörfur – staðsetning.

Skoða þarf hvort mögulegt sé að setja körfu á hástökkssvæðið á íþróttavellinum (þar er undirlag mjög gott). Forstöðumanni íþróttamannvirkja og formanni nefndarinnar falið að kanna þetta betur.

5. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið kl. 17:35.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Dallilja I. Steinarsdóttir (sign.),

Alda Pálsdóttir (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.).